

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Skrifstofa stjórnunar og umbóta
Dagsetning: 20. nóvember 2023
Málsnúmer:
Bréfalykill:

Efni: Ölfusárbrú - hugsanlegar skuldbindingar ríkissjóðs

Í framhaldi af kynningu á 6. gr heimildum vegna fjárlagafrumvarps 2024 óskaði fjárlaganefnd eftir minnisblaði um hugsanlegar skuldbindingar ríkissjóðs vegna útboðs á framkvæmdum við Ölfusárbrú.

Samkvæmt viðskiptaáætlun sem innviðaráðuneytið og Vegagerðin hafa unnið er gert ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 15,3 ma.kr. Viðskiptaáætlun er birt aftar í minnisblaðinu og gerir ráð fyrir að framkvæmdin standi undir áætluðum heildarkostnaði með gjaldtöku af notendum.

Mismunandi áhrif af ólíkum rekstrarformum:

Fyrirkomulag útboðs á vegum Vegagerðarinnar verður með þeim hætti að framkvæmdaaðilum verður ætlað að skila inn tvenns konar tilboðum, með fjármögnun á framkvæmdatíma og án fjármögnunar. Útboðsferlar eru skuldbindandi fyrir báða aðila, kaupanda og seljanda. Þegar framkvæmdum lýkur sem er skv. áætlun árið 2027 þá verður brúin eignfærð hjá ríkissjóði. Lokauppgjör fer þá fram við framkvæmdaraðila og í framhaldi er gengið frá eignfærslu brúarinnar í ríkisreikningi þar sem hún verður afskrifuð á notkunartíma. Þegar tilboð liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort framkvæmdaaðili beri ábyrgð á fjármögnun og þá til hvers langs tíma eða hvort ríkið beri alfarið ábyrgð á fjármögnunarþættinum.

Framkvæmdaaðili fjármagnar verkefni á framkvæmdatíma

IPSAS og ríkisreikningur:

Þegar gengið er frá samningi í kjölfar útboðs mun skuldbindingin ekki hafa áhrif á afkomuna en rétt að upplýsa um gerð samningsins í skýringum fjárhagsuppgjöra. Skuldbindingin er ekki færð meðal skulda heldur aðeins upplýst um hana eins og gert er með hvern annan skuldbindandi samning miðað við það fyrirkomulag sem er um skuldbindandi samninga í dag. Þegar verkinu lýkur þá verður brúin eign ríkissjóðs. Verktaki fær þá endanlegar greiðslur og eignfærsla brúarinnar verður í ríkisreikning og afskrifuð á notkunartíma. Afskriftir hefjast eftir að hún er tekin í notkun.

GFS og 1. gr. fjárlaga:

Á framkvæmdatíma mun verkefnið ekki hafa áhrif á afkomu A1-hluta ríkissjóðs. Þegar verkinu lýkur, þ.e. við afhendingu, þá munu áhrifin hafa áhrif á heildarafkomuna skv. GFS sem nemur framkvæmdakostnaði við endanlegt uppgjör á greiðslum.

Ríkið fjármagnar verkefni á framkvæmdatíma.

IPSAS og ríkisreikningur:

Ef samið er við verktaka um framkvæmd með fjármögnun, þá uppfærir ríkissjóður hjá sér verk í byggingu og færir skuld á móti í samræmi við þann samning sem verður gerður. Á verktímanum á að færa upp eignina eins og framvinda hennar er hverju sinni þannig að eignin komi fram í ríkisreikningi hvert ár yfir framkvæmdatíma.

Færslan yrði með þeim hætti að ríkissjóður eignfærði hjá sér stöðuna jafnóðum og eignin myndast í samræmi við framvindu verkefnisins..

Heimilt er að líta svo til að fjármagnskostnaður sé hluti framkvæmdakostnaðar og eignfæra hann á byggingartímanum. Það er í reynd það sem yrði gert ef verktaki myndi fjármagna og þyrfti að gera upp í lok framkvæmdar sem tæki mið af heildarkostnaði, þ.e. bæði bygging og fjármögnun.

GFS og 1. gr. fjárlaga:

Fjárfesting hefur ekki áhrif á heildarafkomu A-1 hluta ríkissjóðs skv. GFS á framkvæmdatíma.

Endanlegur kostnaður við framkvæmdina og fjármögnun liggur ekki enn fyrir, en eins og fram kemur í skýringum við heimild í greinagerð fjárlagafrumvarpsins mun fjármála- og efnahagsráðuneytið meta verkefnið þegar endanlegar forsendur liggja fyrir. Ljóst er þó út frá tölum Vegagerðarinnar að lítið má út af bregða til að tekjur standi ekki undir kostnaði. Vegna verðbólgu og þenslu í efnahagslífinu hafa vextir farið hækkandi og þar með eru færri verkefni arðbær en áður var. Ekki er búið að gera ráð fyrir framkvæmdinni í afkomumarkmiðum fjármálaáætlunar. Eins og áður hefur komið fram er verkefnið talið vera fjárhagslega sjálfbært ef forsendur halda, breytist þær forsendur gæti þurft að gera ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að fjármagna hluta af framkvæmdinni með beinum fjárframlögum til að það uppfylli skilyrði um fjárhagslega sjálfbærni. Ef til þess kemur verður það af samþykktum ramma vegaframkvæmda.

Útboðsferlar eru skuldbindandi fyrir báða aðila, kaupanda og seljanda. Ljóst er að með lögum um samvinnuverkefni var gert ráð fyrir heimild Vegagerðarinnar til samninga við einkaaðila vegna gerðar Ölfusárbrúar en þurfi ríkið að fjármagna verkefnið úr ríkissjóði verður heimild í fjárlögum að vera til staðar áður en verkefnið verður skuldbindandi fyrir ríkissjóð í næsta fasta útboðsferilsins.

Lykiltölur viðskiptaáætlunar fyrir Ölfusá

m.kr.	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035	2036	2037	2038	2039	2040
Tekjur	-	840	857	873	889	1.024	1.042	1.061	1.079	1.097	1.276	1.310	1.345	1.379	1.414
Rekstrarkostnaður	-	(51)	(52)	(53)	(54)	(56)	(108)	(111)	(114)	(117)	(120)	(123)	(126)	(129)	(132)
Vextir og afborganir	-	(474)	(830)	(851)	(872)	(894)	(916)	(939)	(963)	(987)	(1.011)	(1.037)	(1.063)	(1.089)	(1.116)
Framlag úr samgönguáætlun / eiginfjárframlag	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ný lántaka	15.289	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Stofnkostnaður (áætlun m.v. verðlag apríl 2023)	(11.500)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Verðlagsbreytingarstofnkostnaðar	(1.788)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdafjármögnun	(2.001)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sjóstreymi ársins	-	316	(25)	(31)	(38)	74	18	10	2	(6)	145	151	156	161	165
Handbært fé í lok árs	-	316	251	259	222	296	313	324	326	320	464	615	772	933	1.098

→ Áætlaðar tekjur af veggjöldum (gert ráð fyrir að veggjöld verði án VSK).

→ Útgjöld samanstanda af (á verðlagi á miðju ári 2023):

→ Kostnaði við innheimtu veggjalda (25 m.kr.), árlegu viðhaldi mannvirkja (38 m.kr.) og sumar- og vetrarþjónustu (18 m.kr.).

→ Lítið viðhald er á nýjum vegum svo áætlað er að útgjöld vegna viðhalds hefjist 6 árum eftir opnun vegar.

→ Gert er ráð fyrir að verktaki útvegi framkvæmdafjármögnun og verkefnið sé endurfjármagnað með langtímaláni við lok framkvæmda

→ Tekjur aukast á nafnverði með hærri umferðarstigi á hverju ári. Verðskrá uppfærð á 5 ára fresti í takt við verðlag.